



BRÚIN

Félag Íslendinga í
Luxembourg

4. tbl. 2004, - 14. árg.

Júní 2004

Þjóðhátíðarskemmtun félagsins laugardaginn 19. júní

Í þessu blaði:

Þjóðhátíðarskemmtun FÍL 2004 1

Kvennahlaup 1

Sellófan 2

Góð grillráð 3

Hestamannamót 3

Nations cup 3

Golfmót FÍL 3

Skólafri 2004-2005 3

Icelandair 3

Frá ritstýru 3

Litlu dálkarnir 4

Búferlaflutningar 4



Á döfinni:

- Kvennahlaup 19. júní, sjá auglýsingu
- Þjóðhátíðarskemmtun 19. júní, sjá auglýsingu
- Sellófan 20. júní, sjá auglýsingu á bls. 2
- Hestamannamót 26-27. júní sjá bls. 3.

Dagskrá:

09:30 Upphitun fyrir kvennahlaupið.

10:00 Kvennahlaup í Trim Parcour í Walferdange.
Brautin er 2,4 km og nánast á jafnsléttu svo nú er bara að fara í hlaupaskóna, koma og vera með, en allir geta verið með, ekki bara þeir sem eru í formi.
Þetta er í annað skipti sem þetta hlaup er haldið og einsog í fyrra mun styrktaraðili þess, Kaupthing Bank Luxembourg greiða fyrir boli og medalíur til Íþróttasambands Íslands en FÍL mun gefa þátttökugjöldin til góðgerðamála á Íslandi.

Þátttökugjald eru € 10 á mann en frítt fyrir börn upp að 12 ára. Allir fá bol og medalíu.

Vinsamlegast skráið ykkur fyrir 15. júní á bruin@islandus.net eða hringið í Bryndísi í síma 341 882.

14:00 Tjaldsvæðið á Camping í Godbrange opnar.
Börnin fá uppblásnar blöðrur við innganginn, Kirkjunefnd selur fána.
Íslenskar pylsur og íslenskt sælgæti.

15:30 Barnadagskrá hefst. Gunnar og Felix (m.a. Traustur og Tryggur) koma frá Íslandi með skemmtilegt efni fyrir börn og unglunga á öllum aldri.

17:00 Grilluð íslensk lambalæri með kartöflusalati, hrásalati, rauðkáli og grænum baunum.

18:00 Tökum lagið, sönghefti á staðnum.

Næg bílastæði eru á tjaldsvæðinu og félagsmenn eru hvattir til að tjalda. Tjaldstæði eru á vægu verði.

Drykkjarföng verða seld á Camping-barnum og gestum er bent á að koma ekki með eigin drykki.

Stjórnin vonast til að sjá ykkur öll í sólskinsskapi.



KAUPTHING BANK
Luxembourg



Stuðningsaðilar Félags Íslendinga í Lúxembourg



Sellófan

eftir Björku Jakobsdóttur

Einleikurinn Sellófan verður sýndur í Luxembourg sunnudaginn 20. júní.

Verkið hefur verið sýnt við frábærar undirtektir á Íslandi í langan tíma.

Sýningin verður sýnd í salnum Galleria

Lux Tech Center

ZI Wilhergewann

2-4 rue Edmond Reuter

L-5326 Contern

(í sama sal og Sossu sýningin var)

Húsið opnar klukkan 19:00 og verður hægt að snæða kvöldverð á Arizona Lounge fyrir sýningu. Einnig er hægt að panta drykki á borðin.

Sýningin hefst svo klukkan 20:30

Miðaverð aðeins € 23

“Björk er hin nýja Bridget Jones.” (Morgunsjónvarpið).

“Hugmyndin er bæði snjöll og tímabær og maður veltir því fyrir sér hvers vegna í ósköpunum enginn hefur dottið niður á hana fyrr.” (Morgunblaðið).

Míða- og borða-pantanir teknar á bruin@islandus.net

hjá Matthildi í síma 787 077 41

hjá Guðbjörgu í síma 365 163

hjá Þóru í síma 021 501 117

Vinsamlegast takið fram ef þið ætlið að borða á staðnum fyrir sýningu.

Vonumst til að sjá sem flesta því þetta er alveg bráðskemmtileg sýning fyrir konur og karla, unga sem aldna.



Góð grillráð

Takið ekki lambakjötið úr frysti sama dag og það á að matreiða það. Best er að þíða það í kælskáp í 2-4 daga ef það er í sneiðum en stór kjötstykki eins og læri og hryggur verða meyr og bragðmeiri á 4-6 dögum.

Við mælum sérstaklega með ferskum kryddjurtum á lambakjöt en íslenskar ræktaðar kryddjurtir, s.s. mynta, rósmarín, tímían og salvía fást nú víða í matvöruverslunum. Einnig er mjög gott að tína íslenskt blóðberg og nota sem krydd.

Saltið kjötið eftir að það hefur verið grillað annars vill safinn frekar leka úr því.

Tímían- og rósmarínkvistir, sem stungið er ofan í kolin, gefa lambakjötinu ferskt og gott villibragð.

Hreinsið ávallt ristina á grillinu fyrir hverja notkun. Til þess eru sérstakir vírburstar sem fást víða. Einnig er nauðsynlegt að þvo grindina af og til í volgu vatni.

Ef kryddlögur inniheldur mikla olíu eða sykur, síróp eða hunang er ástæða til að fylgjast vel með kjötinu við steikingu þar sem olía og sykur brenna fljótt.

Notið alltaf grilltöng þegar kjöt í sneiðum er grillað. Ef gaffli er stungið í kjötið er hætt við af safinn leki úr því.

Hafið ávallt úðabrúsa með vatni við hendina þegar grillað er við opinn eld. Ef kviknar í kjötinu eða jafnvel grillhaskanum er þægilegt að úða á eldinn og halda síðan áfram eins og ekkert hafi í skorist.

Penslið grillristina með olíu áður en kveikt er á grillinu, annars er hætt við því að olían leki niður og það kvikni í henni. Olían hindrar að kjötið festist við grindina.

Þeir, sem eru óöruggir með steikingartíma á stórum kjötstykkjum og kæra sig alls ekki um hálfsteikt kjöt, ættu að fjárfesta í kjötmæli. Hann fæst í flestum búsaðaldaverslunum. Mælinum er stungið í þykkasta vöðva kjötsins og segir til um hvenær kjötið er gegnumsteikt.

Grillkryddlögur sem inniheldur edik og sterkt krydd, geymist í 1-2 vikur í kæli ef þess er gætt að lokið á ílátinu, sem hann er geymdur í, sé vel þétt. Einnig er tilvalið að útbúa kryddsmjör einhvern rigningardaginn og eiga það tilbúið í frysti fyrir næstu grillveislu.

Nations cup

Nations cup golfmótið verður haldið 10. júlí á Kikuoka golfvelli. Fyrir hvert land mega 8 manns keppa og er nú þegar einn búin að skrá sig, Björn Sverrison. Þeir sem hafa áhuga sendi Birnu Björnsdóttur póst á netfangið: playgolf@kikuoka.lu

Golfmót FÍL

Fyrirhugað er að halda golfmót Félags Íslendinga í Luxembourg í september á golfvelli Junglinster. Nánar auglýst síðar.

Skólafrí

2004-2005

Október frí: 30. október til 7. nóvember.
Jólafrí: 18. desember til 2. janúar.
Karnival frí: 5. febrúar til 13. febrúar.
Páskafrí: 26. mars til 10. apríl.
Hvítasunnufrí: 14. maí til 22. maí

Icelandair

Félagið vill þakka alveg sérstaklega Icelandair stuðninginn sem það veitir félaginu. Nú fyrir þjóðhátíðarskemmtunina okkar studdu þeir okkur með að fljúga Gunnari og Felix út til okkar, félagið þurfti bara að borga flugvallarskattana. Einnig fengum við afsláttarmiða fyrir leikkonuna Björku Jakobsdóttur. Kærar þakkir.

Hestamannamót

"D'Frenn von den Island Perd asbl" var stofnað 1991 og hefur síðan staðið fyrir keppnum þar sem íslenskir hestar keppa, annað hvert ár.

Í ár verður mótið haldið 26. og 27. júní á "Bastenhaff" 44 rue d'Oetrange í Schrassig.

Mótið hefst báða dagana kl. 11:00 og stendur til kl. 18.00

FÍL verður með bás á mótinu þar sem seldar verða íslenskar pylsur, sælgæti og fleira.

Gaman væri að sjá sem flesta, íslenskir úrvalgæðingar alls staðar úr Evrópu munu keppa sín á milli.

(úr fréttatilkynningu frá d'Frenn von den Island Perd asbl)

Frá ritstýrum

Heimasíða félagsins, www.islandus.net, er nú að verða tilbúin, þó alls ekki fullunnin. Héðan í frá verður hægt að lesa fréttabréfið Brúna á vefnum okkar. Félögum verður sendur póstur um að nýtt fréttabréf sé komið á vefinn. Hugmyndin er líka að

reyna eins og hægt er að hætta að senda Brúna út í pósti. Það sparar mikla vinnu og peninga að þurfa ekki að pósthlegja Brúna. Í dag eru næstum allir í tölvusambandi og viljum við biðja þá sem finnst nóg að fá Brúna einungis á tölvupósti að láta okkur vita svo hægt sé að

taka fólk út af póstlistanum. Vinsamlegast sendið póst á bruin@islandus.net Við munum þó samt halda skrá yfir heimilisföng meðlima því alltaf þarf að senda eitthvað í pósti. Þeir sem hafa flutt eða eru með aðrar breytingar eru beðnir að láta vita á bruin@islandus.net.



Félags Íslendinga í Luxembourg

Association des Islandais à Luxembourg
179 rue Cents
L-1319 LUXEMBOURG

Umsjón fréttablaðs:
Matthildur Kristjánsdóttir
Guðbjörg Steinarrsdóttir
bruin @islandus.net

BGL: LU62 0030 0379 1724 0000
Gjalddagi félagsgjalda er 1. apríl.

BRÚIN

www.islandus.net

Stjórn Félags Íslendinga í Luxembourg 2003-2004

Matthildur Kristjánsdóttir, formaður, 787 0771, 021 142 060, fil@islandus.net
Guðbjörg Steinarrsdóttir, ritari, 365 163, 021 637 888, fil.ritari@islandus.net
Díana Kristjánsdóttir, gjaldkeri, 2636 2419, 091 552 137 fil.gjaldkeri@islandus.net
Erna Elvarsdóttir, meðstjórnandi, 2674 5578, 021 306 871 erna@islandus.net
Þóra Karlsdóttir, meðstjórnandi, 2694 5105, 021 501 117 thora@islandus.net
Jóhann Örn Arnarson, varamaður, 341 882, 021 266 747 joi@islandus.net

Stjórn Kirkjunefndar 2003-2004

Eyjólfur Hauksson, formaður, 768 545
María Huesmann, 358 556
Sólveig Loftsson, 789 341
Agnar Sigurvinsson, 435 183
Sigurður Kristinsson, 787 710

Stjórn leikklúbbsins Spuna

Bryndís Kristjánsdóttir, formaður, 341 882, spuni@islandus.net
Stella Jóhannesdóttir, ritari, 357 064, stella26@pt.lu
Katrín Ásgrímsdóttir, gjaldkeri, 2678 0257, spuni.gjaldkeri@islandus.net

Stjórn Íslandsdeildar Bazaar International í Luxembourg

Hrefna Einarsdóttir, formaður, 355 443
Bergdís Kristinsdóttir, gjaldkeri

Íslenskuskóli Félags Íslendinga í Luxembourg

Rakel Steinvör Hallgrímsdóttir, kennari, 2674 7298, rakelh@hvippinn.is

Félagsgjöld Félags Íslendinga í Luxembourg

Gjalddagi félagsgjalda var 1. apríl 2004.

Vinsamlegast greiðið sem allra fyrst.

BGL: LU62 0030 0379 1724 0000 muna að setja nafn greiðanda í "Ref."

Stjórnin

Litlu dálkarnir

Smáauglýsingar

Kettlingar

Kísan okkar hún Lísa eignaðist 5 yndislega kettlinga 5.5.2004. Enginn þeirra er eins og allir eru þeir litskrúðugir, mjúkir og loðnir litlir hnoðrar. Þrír af þeim vilja gjarnan komast á góð heimili þegar þeir hafa aldur til.

Kettlingarnir eru til sýnis hjá Bryndísi og Jóa. Hringið í síma 341882 eða 021266795.

Einnig hægt að sjá mynd af þeim á netsíðu félagsins www.islandus.net

Símaskrá

Engar breytingar

Búferlaflutningar

Hvaða vikudag er best að flytja?

Mánudagar:

Sjötta skilningarvitið á að vera hvað virkast á mánudögum, finn dagur til flutninga.

Þriðjudagar:

Skynjun, greind og innsæi, ásamt hugkvæmni fylgja þriðjudögum. Góður dagur.

Miðvikudagar:

Alls konar ástríður, bæði góðar og slæmar, eru sagðar fylgja miðvikudögum.

Fimmtudagar:

Peningar tengjast fimmtudögum.

Föstudagar:

Ást og peningar fylgja föstudögum.

Laugardagar:

Góður dagur til flutninga, sérstaklega ef flutt er í gamalt hús.

Sunnudagar:

Mikil gæfa að öllu leyti fylgir því að flytja á sunnudögum.

Til þess að hindra ógæfu:

Taktu með þér:

Salt og brauð í fyrstu ferðina í nýja húsið. Saltið er tákn peninga og brauðið er táknrænt fyrir mat.

Skildu eftir:

Gamla sópinn því honum mun fylgja neikvæðni inn á nýja heimilið. Skildu peninga eftir í fyrri húsakynnum til að færa nýjum íbúum gæfu.

Í flutningunum:

Þegar verið er að bera húsgögn út af gamla heimilinu er talið best að byrja á því að bera sterkbyggt borð eða stól út en það á að tryggja stöðugleika.

(Vikan 17. Tbl.64 árg., 7. Maí 2002)